

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Stefanía Helga Ásmundsdóttir
Dags. 3. september 2020
Mnr. 2020030035



ÍSAFJARÐARBÆR

Ósk um kaup á sérhæfari snjótroðara.

Forstöðumaður skíðasvæðis leggur til að hafin verði undirbúningur að kaupum á sérhæfðum snjótroðarar sem mun nýtast Ísafjarðarbæ.

Undanfarin tvö ár hefur farið fram vinna og undirbúningur að endurnýjun snjótroðara í samráði við Íþróttta og tómstundarnefnd, sviðstjóra skíðasvæðis og forstöðumanni, nú er svo komið að skoða þarf hvort Ísafjarðarbær er tilbúin í að setja kaupin á fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Framleiðslutíminn er 6 mánuðir hið minnsta. Grunnur að tilboðsgögnum liggja fyrir sem auðveldar ferlið og vinnuna sem getur tekið tíma.

Eftir að hafa kynnt mér framboð á troðurum hef ég trú á því að laup á minni og sérhæfðari troðarar nýtist betur í eftirfarandi skíðaiðkun t.d. funslope, bordercross, pallasmíði (park) sem mun auka skemmtanagildi fyrir snjóþrotta og freestylesskíði. Stærð troðarans er 3.2 metrar. Troðarinn er sérhæfður fyrir gönguskíðasvæði ásamt því að auka möguleika á fjölbreyttari gönguskíðasporum. Troðarinn er auðveldur í flutning sem eykur möguleika á flutningi milli byggðarkjarna.

Troðarinn er ódýrari í innkaupum og öllum rekstri. Verð á troðaranum er á bilinu 190.000,- - 200.000,- Evrur með VSK og flutning milli Reykjavíkur og Ísafjarðar.

Fyrir mér er þetta tilraunarinna virði. Maður þarf ekki alltaf að vera stærstur, maður á að vera bestur, við horfum í það. #Skíðabærinn #Ísafjörður #Bestfjords

Hlynur Kristinsson
Forstöðumaður skíðasvæðis

SÁ